

Nd.

327. Breytingartillögur

[151. mál]

við frv. til laga um listamannalaun.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 1. gr. í stað 2. másl. komi tveir máslíðir, sem orðist svo:

Veita skal á fjárlögum allt að 10 tilteknum listamönnum ákveðin heiðurslaun ævilangt. Auk þess skal veita á fjárlögum ákveðna upphæð, eigi lægri en 5 milljónir króna, sem síðan skal skipt af sjö manna nefnd, kosinni af sameinuðu Alþingi með hlutfallskosningu að afloknum alþingiskosningum, en í fyrsta skipti þegar eftir að lög þessi öðlast gildi.
2. Við 2. gr.
  - a. 1. másl. 1. málsgr. orðist svo:

Upphæð þeirri, sem nefndinni er ætlað að skipta, skal varið þannig, að um tvo launaflokka sé að ræða, og séu launin í öðrum helmingi hærri en í hinum.
  - b. 2. málsgr. orðist svo:

Nefndin tekur ákvörðun um, hvernig fjárhæðin skiptist á milli launaflokka og hve margir skuli hljóta laun í hvorum flokknum.
  - c. 3. málsgr. orðist svo:

Nefndarmenn gera tillögur um listamenn þá, er þeir álíta, að til greina komi, og hafa samráð við aðildarfélög Bandalags íslenskra listamanna, svo sem segir í 3. gr., áður en endanlega er gengið frá tillögunum. Þegar tillögur eru fram komnar, skal gerður kjörseðill með nöfnum allra þeirra, sem til laga hefur komið fram um, að hljóta skuli hærri launin. Skal kosið samkvæmt stigakerfi, sem menntamálaráðuneytið setur nánari reglur um, þannig að hver nefndarmaður merkir með tölustöfum 1, 2, 3 o. s. frv. við nöfn jafnargra listamanna á kjörseðilinn og ákveðið var að hljóta skyldu hærri launin. Reiknast þeim listamanni, er merkt er við með tölunni 1, hæst stigatala, en síðan fer stigatalan lækkandi hlutfallslega samkvæmt reglum ráðuneytisins. Skulu þeir listamenn hljóta launin, er hæsta fá stigatölu samanlagða. Kjörseðill er ógildur, ef merkt er við fleiri eða færri nöfn en ákveðið var.
  - d. Síðasta málsgrein falli niður.
3. Við 3. gr. Á eftir greininni komi tvær nýjar greinar, er hljóði svo:
  - a. (4. gr.) Á fjárlögum fyrir árið 1968 og síðan áfram skal veita sérstaka fjárupphæð, auk þeirrar, er um getur í 1. gr., til starfsstyrkja, er ætlazt sé til að veittir séu tvö til þrjú ár í röð, alls til 10—20 listamanna, a. m. k. 2—3 milljónir króna á ári. Starfsstyrkjunum skal úthluta samkvæmt reglum, er menntamálaráðherra setur að fengnu álitni nefndar um þetta mál, sem hann skipar og Bandalag íslenskra listamanna á fulltrúa í. Má ráðherra og fela þingnefnd þeirri, sem kosin er samkvæmt 1. gr., þá úthlutun, og skal hún þá fylgja reglu þeirri, sem ákveðin er í 2. gr.
  - b. (5. gr.) Verði almenn hækkun á launum opinberra starfsmanna, skal hækka heiðurslaun og almenn listamannalaun á fjárlögum í sama hlutfalli.